



Með leigubíl út í skóg að mála

AF MYNDLIST

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is



Snemma sumars 1928 pakkaði Jóhannes Sveinsson saman eignum sínum eftir nokkurra mánaða dvöl í París og hélt heim á leið. „Hann klæðir sig í sín bestu föt, tínir til bækur og sitthvað smálegt, lætur í dúk og bindur saman á hornunum eins og tíðkaðist í sveitinni hans [...] Hann vafði fjórtán myndir upp og hafði strangann undir handleggnum og pinkilinn í hendinni og komst upp í lestina.“ Þannig lýsti Thor Vilhjálmsson í bók sinni um Kjarval því þegar málarinn hélt heim á leið eftir langþráða Frakklandsdvöl, þar sem hann hafði notið þess að skoða heimslistina og mála sjálfur undir áhrifum frá því sem hann hafði verið að skoða, aðallega úti í skógunum við borgina, þessar fjórtán myndir í stranganum.

Skömmu eftir heimkomuna hélt Kjarval tvær sýningar í Reykjavík og voru verkin frá Frakklandi áberandi á þeim og vel tekið. Skrifað var um seinni sýninguna í Vísi að skógarmyndir Kjarvals væru „vafalaust meðal hins fremsta sem eftir íslenskan listmálara liggur, svo vel er þar náð heildarblæ þeirrar fegurðar sem auganu mætir þegar komið er í námunda við fjölskrúðugan skóg, nýútsprunginn“. Og skrifari bætir við, fyrir lesendur í skóglausu landi: „Eru þessar myndir svo sannar að þær eru góð upplýsing fyrir þá sem aldrei hafa í skóg komið.“

Tólf af fjórtán saman

Tólf af þessum fjórtán málverkum sem Jóhannes Kjarval bar snemmsumars 1928 heim með sér í stranga hafa undanfarna mánuði verið á heillandi sýningu á Kjarvalsstöðum, *Að utan*, saman í rými. Sýningin hefur lengst af verið lokuð vegna kórónuveirufaraldursins en var framlengd um rúman mánuð og lýkur á morgun, fimmtudag. Það eru því síðustu forvöð að sjá þessar gersemar saman komnar, 92 árum eftir að verkin voru máluð, en einungis þrjú málverkanna tólf eru í eigu safna, hin öll í einkaeigu.



Litadýró „Dalakofinn (Frá Frakklandi)“, ein skógarmynda Kjarvals.



Einstakt Verkið Bros Leonardo vísar til upplifunar af Monu Lisu.

Eins og kemur fram í hinni miklu bók Nesútgáfunnar frá 2005 um Jóhannes Kjarval og verk hans veitti Frakklandsdvölin honum mikinn innblástur og komu áhrifin frá henni skýrt fram í verkum hans á næstu mánuðum. Vert er að hafa í huga að listamaðurinn var þá ekkert unglamb. Hann var á 43. aldursári og nýskilinn við Tove eiginkonu sína, sem var farin aftur til Danmerkur með börn þeirra.

Kjarval ólst upp við mikla fátækt og komst seint til mennta. Árið 1911, þegar hann var 25 ára gamall, hélt hann til Lundúna en komst ekki í Konunglega listaskólann, eins og hann vonaðist til, en skoðaði þess í stað söfn og málaði. Vorið eftir hélt

hann til Kaupmannahafnar, þar sem hann hins vegar skráði sig í nám. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum má sjá í þremur söllum verk sem listamaðurinn vann á þessum viðkomu- stöðum, í London, Kaupmannahöfn, einnig í tveimur Ítalíuferðum og loks í Frakklandi, þegar hann var orðinn vel mótaður listamaður sem tókst á við ólík myndefni um leið og hann þróaði stíl sinn og nálgun. Dvölin í Frakklandi átti eftir að verða eins konar lokahnykkur áður en hann ákvað árið 1929 að leggja fyrir sig að mála fyrst og fremst íslenskt landslag, og liggja við það úti; „við vernd alnáltúru“ eins og hann komst að orði. Þá má segja að hann hafi tekið að skapa þau verk sem gerðu hann að eftirlæti íslensku þjóðarinnar. Verkin þar sem segja má að hann hafi kennt þjóðinni að sjá fegurðina í hinu smáa í náttúrunni.

Örugg sköpunargleðin

Ekki eru miklar heimildir til um ferðir Kjarvals þessa mánuði í París. En síðla vetrar mun hann hafa notið þess að upplifa heimslistina í söfnum og þá málaði hann væntanlega eina verkið á sýningunni sem ekki er skógarmynd, hið óviðjafnanlega *Bros Leonardo*. Þetta er eitt allra fallegasta verk Kjarvals og vísar til



Listasafn Reykjavíkur

Skógarró Frá Frakklandi, eitt verkanna sem Kjarval bar heim 1928.

» Það er heillandi að rýna í þessi ólíku en ólgandi skógarverk sem Kjarval málaði fyrir utan París vorið 1928.

upplifunar hans við að skoða Monu Lisu eftir da Vinci. Eins og Kristín G. Guðnadóttir skrifar í bókinni um Kjarval málar hann hér með ljósu og léttu litrófi „tvö undurfögur andlit, pilt og stúlku, og um varir stúlkunnar leikur dularfullt bros. Kjarval spinnur hér saman á áhrifaríkan hátt frjállega tilvísun í endur- reismartímabilið og sindrandi léttleika og pensilskrift impressjónismans.“

Önnur verk sem Jóhannes Kjarval hefur án efa skoðað vel voru þau sem landslagsmálararnir kenndir við Barbizon og ekki síður impressjónistarnir sköpuðu; þau síðarnefndu frjálseg og léttleikandi, þar sem þeir máluðu utandyra beint eftir náttúrunni, „plein-air“ eins og það er kallað. Þeir hugmyndastraumar og nálgun hafa án efa haft mikil áhrif á Kjarval.

Það er eftirminnlegt frá lista- sögutímum í Háskólanum þegar

Björn Th. Björnsson lýsti því hvernig Kjarval steig þessa vordaga í París upp í leigubíla að morgni, setti hendi í vasa og dró upp einhvern miðann með nöfnum sérstakra staða í Fontainebleau-skóginum utan við París, sem bílstjórnin ók honum til og þar sem hann svo fann áhugavert sjónarhorn í skóginum og undi sér við að mála. Björn Th. sýndi okkur á skyggnum nokkur verkanna sem þá urðu til, verk sem vísuðu Kjarval inn á þá brautir sem hann átti eftir að taka í glímunni við að túlka íslenskt landslag og náttúru.

Það er heillandi að rýna í þessi ólíku en ólgandi skógarverk sem Kjarval málaði fyrir utan París. Í einhverjum beitir hann sköfum á litina, í öðrum skín víða í hvítan strigann eins og tíðkaðist hjá impressjónistunum, svo eru einhver þar sem gróður í forgrunninum er dreginn skörpum pensildráttum en í miðrýminu eru trén eins og þokukennnd form í litaskala frá gulu, í grænt og svo fjólublátt. Þetta eru verk augsynilega máluð hratt. Nálgunin við náttúruskoðunina er mismunandi en málverkin eru gerð af miklu öryggi og af augsynilegri sköpunargleði listamanns sem er að finna sig, sem er hreinlega að springa út eins og vorblómin í skógarbotninum.